

## Ágætu foreldrar og starfsfólk Korpuskóla og Víkurskóla

Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla hélt þriðja fund sinn 16. september í Korpuskóla.

Á þessum fundi fór fram greining á verkefni hópsins þar sem m.a. var rætt hverjir væru hagsmunaaðilar, hverjar væntingar þeirra væru og hvernig hægt væri að mæta þeim væntingum. Ingibjörg Gísladóttir frá Menntasviði stýrði þeirri vinnu. Á næsta fundi sem verður 28. september í Víkurskóla verður haldið áfram með verkefnagreininguna.

Í hópnum eru skólastjórar skólanna auk fulltrúa starfsmanna og foreldra, fulltrúi Gufunesbæjar og fulltrúi Miðgarðs ásamt fjórum fulltrúum frá Menntasviði Reykjavíkurborgar.

Ég vil ítreka að öllum er frjálst að koma á framfæri efni til umræðu og hægt er að hafa samband við fulltrúa í hópnum.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá fræðslustjóra og mun starfa til 15. júní 2012. Fram til næstu áramóta er hópnum stýrt af skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu á Menntasviði en frá áramótum mun nýráðinn skólastjóri hins sameinaða skóla stýra starfi hópsins.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir